

Heimskringla

Kom út á Laugardögum.
Tae Heimskringla Ptg. & Publ. Co.
[Publishers.]

Vor blaðsins í Canada og í da
ríkjanum er:
1 Árgangur 12 mánuðir \$2.00.
6 ————— \$1.00.

Ritstjórnin gefur ekki greinar, sem
eigi verða uppteknar, og endursendir
þær eigi nema trimarkir fyrir endur-
sending fylgt. Ritstjórnin svarar eng-
um bréfum ritstjórnarinnar, nema
í blaðinu. Nafnlausum bréfum er
enginn gætur gefinn. En ritstj. svar-
ar höfuð undir merki eða hokstí-
la, ef hót, tiltekt, eða merk.

Uppgjöfing af lögum, nema kaup-
andi sé allveg skuldbær við blaðið.

Ritstjóri (Editor):
EGGERT JOHANNSSON.
Ráðgjafi (Busin. Manager):
EINAR ÓLAFSSON.

Peningar sendist í P. O. Money-Or-
der, Registered Letter eða Express
Money Order. Banka-ávisanir á eina
banka, en í Winnipeg, eru að eina-
tekna með afköllum.

OFFICE:
Cor. Ross Ave. & Nena Str.
1. O. BOX 305.

NOTICE.

Mr. Jon Olafsson, Norden Office,
261 Grand Ave., Chicago, is our only
authorized Advertising Agent in Chicago
The Hkr. Ptg. & Publ. Co.

\$ 1.75

Það tilkynnist hér með vorum
hefðarum viðskiftamönnum, að í
næstu tvo mánuði,

til 28. Febrúar,

að þeim degi meðtöldum, tókum vér

\$ 1.75 sem fullt andvirði

IX. árgangs Heimskringlu og
III. árg. Aldarinnar.

Lengur stendur það boð vort ekki og
þýðingarlust að fara fram á frest.
En fjarlægjum viðskiftamönnum til
hæðararúka tókum vér gili, að þeir
sendi peningana áleiðis til vor síð-
asta dag Febrúar, svo framfarlega sem
á póstmörku á umslagi bréfsins
stendur: 28. Febr. 1895.

Frá þessari reglu víkjum vér
ekki og óskum þess vegna að enginn
fari fram á það.

Þessi ábáltaðir fest þvi að eins,
að peningarnir verði sendir oss allveg
kostnaðarlaus. Ef ávisanir verða
sendar, verða þær, er það gera, að
greiða hin nauðsynlegu vixil-laua.
Innhelminum vorir fá heldur eng-
in laun fyrir að senda oss þetta nið-
ursetta gjald og melumst vér því til
að kaupendurnir fari ekki fram á að
þeir tákist ömök og kostnað á hendur
í því sambandi.

Þetta boð gildir að eins að því
er snertir fyrirfram borgun fyrir IX.
árg. (1895). Þeir sem skulda oss nú,
fyrir einn eða fleiri árganga blaðsins,
geta því að eins orðið þessa kostnaðs
aðnjótandi, að þeir jafnframt borgun-
inni fyrir 1895 sendi alla upphæðina,
sem þeir skulda nú, samkvæmt reikn-
ingi á blaðinu.

Öllum skuldslánum viðskifta-
mönnum vorum er innanhandar að
hagnýta sér þetta tækifæri, að fá
blaðið með niðurstettu verði, og von-
um vér nú að þeir begjöfi við og sýni
viðleitni að þessu kostnaði, sem sérstaklega
þar sem sú þaga vor er þeirra hágr.
Í hærðri, eins og nú, álitum vér
gjaldnum betra—og miklu betra, að
fá 25 centa afslátt á blaðverðinu, en
borga \$2.00 og fá einhverja "pre-
miu" með, sem efasamt verðgildi
hefir, enda þótt sé aðferðin kynni að
verða prentfælaginu kostnaðarminni.
Þetta vonum vér að kaupendur blaðs
ins samstíni og láti oss njóta þess,
að vér reynum að hugsa um þeirra
hag ekki síður en hag félagsins.

Minnist þess að boðið stendur til

28. Febrúar

og ekki lengur.

FÉLAGSNEFNDIN.

Nýbyrjaða érið

Óskum vér og vonum að reynist
gjóðanum at fólki voru hér vestra
árdamara, en það umliðna. Að því
er aðgerðir náttúrunnar, út af fyrir
sig snertir, var hild löna ár hild á-
kjósnlegasta, allt til enda. Fyrstu
mánuðir þess voru ekki meira en í
meðallagi kaldir, vortíðin framan af
umhlyppingum, en sumartíðin svo
hagstæð, að grassprettu og öll upp-
skera varð í heild sinni fyllilega í
meðallagi og nýting öll með lang
besta móti. Hausttíðin öll var og sér-
lega hagstæð, og fjöldi af bændum
þar af leiðandi betur og miklu betur
bláinn updr vorvinnuna næst, en í
fyrsta. Hvað vetrartíðina snertir,
alt til síðustu stundar ársins, þá var
hún svo áskileg sem framast mátti
verða. Hild einsa sem að lögni varð
funduð var snjólaysi, er gerði örö-
ugra fyrir með vinnu í skógi, að-
drátt bændavöru o. fl. því.

Í öllu þessu var þá hild löna ár
reglulegt hagældarár, en þá er
líka kostir þess taldir. Verzlunar-
dýfðin, atvinnuskorturinn, pen-
ingeklan og þar af leiðandi verð-
leysi á allri vöru framleiðandans
umhverfi ársins í hærðist, þótt
fyrir viðvarandi veðurblöðu og til-
tölulega góða uppekuru.

Hvernig hild nýbyrjaða ár kann
að reynast, er ekki gott að segja, en
vist er það almenn von magna, á
hve góðum tökum sem hún kann að
vera bygd, að rýma verði um bönd-
um í peningagjöngjum auðmannanna
og að þeim hjóti fleiri og stærri
peningar, heldur en raun varð á
hinn löna ári. Það er engum efa
undirþjóð, að járnbrautirnar eru
návæmstu fjárhagsmælikvarnir í
landinu öllu. Í lok ársins 1893
hefðist engin uppástunga um járn-
brautalagningu, enda hefir ekki lengi
verið jafnlitlu um bygging járnbrauta
í allri Norður-Ameríku, eins og á síð-
astliðnu ári. Það er fásinna að trúa
öllum sögum, sem heyrast, um járn-
brautalagningu, að minnsta kosti væri
fásinna að trúa því, að þær verði
lagðar á umtölugu tímabili, en þegar
mikið er talað um járnbrautalagningu,
þá má þó aðeins eiga vist, að
eithvað stórtverft af því tali lyktar
með verklegum framkvæmdum. Um
síðasti, 4—5 ár hefir ekki verið tal-
að eins mikið um járnbrauta-lagningu
eins og undanfarina 3—4 mánuði.
Það eru yfir 30 þýðingarmiklir
á járnbrautir, sem nú er búið að
ráðgera að byggja innan Banda-
ríkja á nýbyrjaða ári. Þó ekki yrði
nema einn flúti hluti byggður, þá
reynist það stórmikil atvinna og
mikilfengleg framfarir yfir síðasti. Ár.
Að eins eins af öllum þessum fyrir-
huguðum brautum viljum vér nefna,
það er Duluth og Iron Range braut-
in frá Duluth norðvestur í járnma-
hæruðin. Eigendur hennar eru stein-
öllu "kongarnir" — Rockefeller;
er nú vilja ná í hveitiflutning ekki
síður en járn. Eftir þær sér nú að
eign að leggja braut þessa vestur til
Grand Forks og þaðan í tveimur
alkvismum, vestur um Dakota og hina
norður til Winnipeg og norðvestur
þaðan í Saskatchewan-dalinn. Að
þetta verði gert með tímanum er
ekki ótrúlegt, en efasamt er að miklu
verði afkastad að samri.

Hvað Manitoba snertir, þá er
ekki ólíklegt að tekið verði til starfa
við að byggja járnbraut vestur í Dauphin-
héraði. Þegar kringumstæðurnar
eru athugaðar, þá er enda ótrú-
legt, að það verði gert. Súð-
austurbrautir er líka í þróunum
enn og verður það og fyrr, komið
undir fylkisstjórninni. Hvert sú
braut verður byggð án frekari undan-
dráttar eða ekki. Stjórnin hefir þegar
fengið tilkynningu um, að ný
fjarveltinga bein til styrktar þeirri
braut verði flutt á næsta þingi, sem
tekur til starfa 24. þ. m. Af því er
aðsett, að enn er tækifæri að út-
vega fylkinu þessa áriðandi braut í
áttina til stórvatnanna. Það má
gera ráð fyrir að þetta brauta-mál
verði sótt jafn knálega nú, eins og í
sumar er leið og er ekki nema senni-
legt að saman ganga þá um síðir
með féluginu og stjórninni. Hvað
sem öðrum brautum líður er þess
vegna ekki neitt ólíklegt, að þessar
tvar brautir verði byggðar að samri,
að einhverju eða öllu leyti, Dauphin-
brautin og Súðasturbrautir. Ef
þær bjar yrðu byggðar sama sumari,
myndast af því meiri atvinna

en hér hefir verið á boðstólum um
langan tíma. Hvað skyldi þá segja,
ef stórbráutir, sem vesturlandinu
öllu er allra bráuta nauðsynlegast—
Hudsonsbráutir, kæmist á skrið?
Það hefir verið og er enn tíðrætt um
að bygging þessara sé í nánd, en at
því svo oft er boðið að kveikja fals-
vönir hía mönnum, að því er hana
snertir, þá trúa líklega fáir að bygg-
ing hennar, sé fyrir hendi—fyrir þó
tekið er til starfa.

Eithvað af þessu verður eflaust
frankvæmt, og þess vegna von til
að hild nýbyrjaða ár verði verkalyðn-
um árdamara en hild síðastliðna.

Hvað búskap snertir, þá er það
ljós vottur um framfaravörir, að
gætnir menn og framsýnir hafa þegar
ákvæðað að byggja 30 kornhlöð-
ur í Manitoba á komandi sumri, er
til samans taka talstvert yfir 1 milj.
bush. Og því fel. byggir 13 skóga-
vatnsfél. 6, og Northern Elevator-fél.
hér í Winnipeg 11 kornhlöður, þar
af eina hér í bænum, er tekur 250,000
bush. Þeir menn, sem fyrir
þessu standa, eru engir "loftkastala"-
menn, og engin minnsta ástæða til
að ætla, að þeir ráðist í stór fyrir-
teki að ástæðulausu. Þeir trúa á-
reiðanlega að þetta nýbyrjaða ár
verði verra en hild löna. Hvi skyldu
ekki þeir vera þeim jafn trúðir?

Réttlatur dómur.

Þvíkri það ekki, sem um daginn var
kveðinn upp yfir Eugene V. Debs, eftir
í því sem yms blöð úr Bandaríkjunum
láta í ljósi. Það er líka sannast, að
það virðist einkennilegt að Debs og
6 aðrir formenn félagsins skuli dæmdir
til til fangelsisvistar fyrir að hafa
gert það, sem þriggja manna þétt
Cleveland forseta hafði skömmu áður
sagt leyflegt. Þó sú nefnd færi
þingnum orðum um sumt er gerðist í
vinnustíðinu og þó hún léti í ljósi
þá sköðun, að allsherjar vinnustíðin
ettu heilt ekki að eiga sér stað, þá
gat hún ekki annað álitid, en að
verkamenn hefðu ófáðan rétt til að
samneina sig og gera upphald á
vinnu, ef annar væri ekki kostur til
að fá kjör sín bætt. Samt sem áður
leyfir dómari einn í Chicago sér að
senda Debs í 6 mánaða fangelsi fyrir
formennsku sína í stríðinu. Vita-
skuld var hann ekki dæmdur fyrir
formennsku sína beinlínis. Það sem
feldi hann, var kærar, að hann hefði
ekki hlýtt "forboði" dómstólanna.
Þessi "forboð" (Injunctions) eru á-
viðkomandi þrjúskjöldur í réttar-
gangnum, sem aðallega sýnist upp-
fundinn til að villa mönnum sjónir
og teyma þá gætvandi út frá aðal-
málinu. En þar eru undir eins
"hnappeiddan sem heldur", því
það sem málinu sjálfa líður, hlappa
menn til að athuga og barma sér yfir
þeirri smán, sem dómstóllinn hefir
verð sýnd, og "forboðinu" var ekki
hlýtt. Þetta var það sem feldi Debs
og félaga hans. Hinar ymsu járn-
brautir, er hann átti í erjum við,
léta dómstólana fyrirbjóða honum að
setja nokkra þeirra eign eða gera
tilraun til að hindra lestaferðir.
Þessu boði hlýddi hann ekki, af þeirri
göðu og gildu ástæðu, eins og hann
líka bentí á undir eins og honum var
birt þetta bann, að honum var á-
mánulegt að ráða við félagsmenn
sína mörg hundruð og þúsund milur
burtu frá Chicago. Þrátt fyrir þetta
var hann í augum laganna sekur.
Dómstóllarnir fyrirbjóðu honum sem
fyrirlösa A. R. U. félagsins að snerta
eignir járnbrautarfélaganna, en hann
hlýddi ekki og gerði með því dóm-
stólunum skömm mikla. Fyrir það
var hann dæmdur í fangelsi. Þegar
ömguguleikinn að hlýða er tekinn
til greina, og þegar jafnframt er at-
tíðirinn hans fengin leyfi til að lána
hugað nefndarálitid um rétt verka-
manna til að gera upphald á vinnu,
þá virðist nokkuð hæpið að þetta sé
réttlatur dómur. Dómstóllarnir mættu
nokkurn vegin eins vel retlast til,
að Debs gæti flögid til tunglsins eins og
til þess, að hann, staddur í Chicago,
gæti hindrað ærðan hóp af félags-
mönnum sínum vestur í Colorado eða
vestur á Kyrrahafsströnd frá að
stöðva lestaþang á einhverri járn-
brautinni. Þó virðist réttvísni minni
þegar áhugið er, að brautarfélagid,
er knálegast sótti þetta mál móti
Debs, (Atcheson, Topeka & Santa Fé
brautir) er ekki síður sekt en hann í
þær bjar yrðu byggðar sama sumari,
myndast af því meiri atvinna

unarkingunum er öllum járnbrautum
forboðið að gefa nokkurn viðskifta-
mönnum sínum sérstaka fylgn.
Þeir eiga allir að gjalda sömu upp-
bæð fyrir sömu vörutegund á jafni
vegaleingi, með hvaða járnbraut sem
er. En fyrir réttinum komst upp, að
Santa Fé félagid hefir á ákveðnu
tímabili endursent viðskiftamönnum
sínum fullar \$7 milj. af flutnings-
gjaldi því, er þeir voru skyldir að
borga samkvæmt lögunum. Af þessu
sást hve stórkostlega félagid hefir
brotið þetta "forboð" dómstólanna.
Til þess að hafa flutning af öðrum fé-
lagum, endursendist það viðskifta-
mönnum sínum svo mikinn hluta
flutningsverðsins, eftir að hafa inn-
heimt fullt gjald samkvæmt lögunum.
Á þetta mintist dómarninn ekki einu
orði, að ekki eða lést ekki sjá, að fé-
lagid hefði smánað dómstólana í
miklu stærri stíl en Debs, og aðeif-
ingin er, að Debs fær 6 mán. fang-
elsi, en félagid sleppur.

Tóbaks-einveldið.

Bláðið World í New York berst
hreyfistlega gegn öllum einveldisfé-
lagum, tekur eitt þeirra eftir annað
fyrir og leiðir ljós allar þeirra athaf-
nir og vinnuáferðir, en sem félögin ætla-
st til að séu í skugganum. Félagid
sem það sérstaklega er að elta ölar
við nú sem stendur, er tóbaks-ein-
veldið. Varð það til þess, að New
Jersey-stjórnin hefir nú hafið mál
gegn félagi þessu, því undir lögun
þess ríkis fékk það tilveru sína. Að-
allaga er sú sök hafin til að rann-
saka bókahald og alla verzlunarað-
ferð félagsins, en líkindi eru til að
fleira gagnlegt standi af rekstri þess-
ar. Þannig hefir komist upp, að ein-
veldi þetta samanstendur nú af
11 stórfélögum, tóbaksgerðarfélag-
um, og að sameiginlegur höfuðstóll
þess er \$35 milj. Það hefir og verið
sýnt, sem "World" hélt fram, að
vald þessa félags er svo mikið, að
stórkaupmenn þora ekki annað en
kaupa af því. Ef þeir reyna að
kaupa af smáfélögum, sem enn eru
ekki dregin inn í einveldið, kemur
einveldið til sögunnar og sér um að
þeir geti ekki fengið kaupir held-
ur alt sem til er á því og því tíma-
hili sjálft. Með þessu móti er ein-
veldið vel á veg komið að eyðileggja
öll sjálfstætt tóbaksgerðarfélag. Þetta,
að koga verzlunarmennina til að
skifta við eina stofnun einungis, ált-
ur bláðið sönnun fyrir að félagid hafi
ekki heimild til að starfa, að sú
verzlunastofnun sé ólögleg tilvera,
sem leggur kapp á að takmarka út-
skifti og verzlun í stað þess að út-
breiða hvortvegja, eins og lögin
sest til, þegar félaginu í byrjun er
veitt lagavernd og lagaleg tilvera.

Félagsskapur, sem starfar í al-
veg sömu átt og þessi, fer svaxandi
hér í landi, bæði í Bandaríkjunum
og Canada, og er skadabæði. Þess
vegna er óskandi að "World" vinni
sigur í þessu máli, fullkomnari og
meiri sigur en andvígsmenn síkra
féлага ein hafa unnið á öðrum stöð-
um í Bandaríkjunum. Yrði það
einu sinni sýnt hvernar einveldi byrj-
ar að takmarka viðskifti og þar af
leiðandi verðskuldar lagalega upp-
leysing, þá yrði úr því vandalaus
fyrir-ádrar-þjóðir að taka fyrir
kverkarnar á sílikum félögum.

200 ára afmæli

sitt hélt "heimsbankinn" svo kallaði,
réttu nafni, Englands-bankinn, 1. Jan.
þ. m. Það var 1. Jan. 1694 að hann
tók algerlega til starfa sem banki, þó
formenn hans fengu leyfi til að lána
Vilhjálm konungi III. 6 milj. dollara
gegn 8% afgjaldi, til að halda uppi 6-
fríðnum við Frakkna, 27. Júní 1694.
Fyrsta nafn stofnunarinnar var "The
Governor and Company of the Bank of
England". Höfundur bankans, eða fé-
lagsins, var skozkur verzlunarmaður,
William Patterson að nafni, og kom
hann með þá tillögu sína, að stofna fé-
lagid, 1692. Í byrjun var félaginu gefin
heimild til að halda reikninga alla yfir
ríkisráðgjafi, gjalda allar afborganir og
gefa út skuldbætur fyrir stjórnina, og
fékk fyrir þann starfa \$20,000 þóknun,
á ári. Upphæða var bankinn þannig
verkfæri, stjórnarinnar og hefir ávallt
síðan verið þjófnstjórnarinnar að meir
eða minna leyti, þó stöðugt séu þau

bönd að rófna í seinni tíð, en meira
hugað um viðskifti þessara manna.

Það eru nú full 160 ár síðan bank-
inn var fluttur á eign sína sem nú er
en sem síðan hefir verið aukin á fre-
ðri þangað til strætis umhverfis banna
meiri útfærsla, enda þótt nú banka-
byggingin meir en 3½ ekrum af landi
Strætis, sem liggja að bankanum eru:
að sunnan Threadneedle Str. (er þar að-
allangangurinn), að vestan Princess
Str.; að norðan Lothbury Str. og að
austan Bartholomew Lane. Byggingin
er mikilfengleg og rangar, en ekki
nema eina tasia á hæð og er því einkenn-
ileg mjög. Ökufugur maður mætti
ætla, að banki þessi væri takmark allra
í Londnunum, því að honum safnast lát-
lestrastrauur aðkomenda úr öllum átt-
um og eru eilíf hróp og koll að heyrna
umhverfis hann, þar ökmenn eru að
troðast að eða frá með hesta sína og
farþega. Einkennileg eins og byg-
gingin er utan að sjá, er þó búningur
þjóðanna. Þegar inn er komið, enn eink-
ennilegri. Háir og lágir eru þeir-
meira allir til með að vera—eins ákveð-
in. Þeir eru allir með háan, gljáandi
silkihatt í raubbleikum frakka síðum og
hárauða vesti, en svörtum buxum.
Auk heldur sendibóðarnir, smádrengir,
sem fara með skreyti aftur og fram um
borgina, eru skyldir til að vera í þessum
einkennilega einkennis búningi.

Bankinn byrjaði með 5 milj. doll.
höfuðstól, en tveimur árum síðar var
hann aukinn um helming eða því sem
næst, var þá \$11 milj. Árið 1710 var
höfuðstóllinn enn aukinn, færður upp í
27½ milj. doll. og stóð hann þannig til
þess árið 1816, að innbörgaður höfuð-
stóll var meir en tvöfaldaður, færður
upp í \$72½ milj., eða því sem næst, og er
það höfuðstóll bankans nú. Hlutaþríf
bankans eru nú sem stendur um \$1700
viðrið hvert, enda eru þau arðberandi
eign. Á síðasti 20 árum hefir meðal-
vætur stofnfjárins verið 10% á ári
hverju. Á öllu tímabilinu hefir vöxtur-
inn orðið minnst 4½%, á tímabilinu 1753
til 68, en mestur hefir hann orðið 27½%,
árið 1697.

Fyrsta seðilpeningur er bankinn
gaf út, giltu 20 pund sterl., gefnir út
1695. Árið 1750 gaf hann út 10 punda
seðla, og 1793 5 punda seðla. Snemma á
þessari öld gaf hann út bæði 1 og 2 pd.
seðla, en 1844 voru þeir allir innleystir
og ekki gefnir út síðan. Smærsti seðil-
peningur bankans er nú 5 pund og hinn
stærsti 1000 pund sterling. Þessir seð-
ilpeningar eru víðurkendir verðmestir
seðilpeningar í heimi, ganga alstaðar
mótmælaust með fullu nafnverði. Eng-
ann seðil sinn gefur bankinn út tvisvar,
en innleysir hvern einn með gulli hve-
nær sem hann kemur til bankans. Er
þá hinn innleysti seðill merktur svo, að
ekki verður á honum villast og hann lát-
tinn út úr bankanum aftur. Eftir að
seðlarnir eru þannig innleystir og merktir,
eru þeir geymdir í þar til setlaðri
hizlu í 10 ár, og að þeim tíma liðnum
eyðilagðir.

Oft hefir banki þessi hinn mikli verð-
ið nær gjaldþrota, einkum á fyrstu ár-
um æfinnar. Árið 1825, þegar 770 bank-
ar urðu gjaldþrota á Englandi, var hann
söð hætt kominn, en stóðst þó. Við
byrjun ársins var gullseðlur hans nærri
71 milj. doll., en í lok ársins var ekki
eftir nema ein einasta milj. í gulli. Oft
hefir hann mætt óföskn bæði leynt og
ljóst, og árið 1790 var gerður aðsigur að
byggingunni og átti að eyða henni. Frá
þeim tíma hefir bankinn 30 vopnaðar her-
menn á verði á hverri nóttu í húsinu, frá
kl. 7 á kveldi til kl. 7 á morgni. Er
herbóðir þeirra, vopnaðir o. s. fr. niðri
í kjallaranum, samhlíða gull og silfur
hvelvingunum, þar sem málmur allur,
sleginn og ósleginn, er geymdur á nótt-
unni í svo djúpa vatni, að 6 fet er ofan
að haugnum eða hlöðnum. Það er
þess vegna ekki ódúgert fyrir þjófa að
bera þurtu gull eða silfur, þó maður
setti sem svo, að þeim tækist að komast
gegnum hervörðinn og niður í kjallara,
því þar fyrir neðan aftur eru gull og
silfurhvelvingarnar, barnafullar af
vatni.

Mesta upphæðin sem bankinn hefir
átt hjá stjórn Brets, er 74 milj. doll., á-
rið 1816. Síðan 1860 hefir skul stjórna-
innar stöðugt verið frá 30 til 60 milj.
doll. og er sem stendur um 55 milj. Af
því fé góldur hún að eins 2½%. Að með-
altali nema öll viðskifti bankans um 30
milj. doll. á dag. Viðskifti Englands-
banka eru með öðrum orðum, allra mikil
í hverjum degi, eins og eru viðskifti
allra bankanna í Winnipeg til samans á
5 mánuðum.

Á bankanum vinna alla 1050 manns
og nema samlagt árslaun þeirra 7 milj.

dollara. Félagisstjórninni eru 21 menn,
er hver um sig verður að eiga 10,000
doll. vörð af hlutum félagsins, eða kom-
ist þeir ekki í stjórnaðefndina. Laun
stjórnarinnar fyrir að meta á
fundum er \$2,500. Hættlaunaðir eru
þeir: ráðgjafar bankans og gjaldkeri.
Árslaun hvers um sig eru \$5000.

Orða-belgurinn.

FRÁ MONTANA.

Fyrir rúnum 7 mánuðum síðan fór
ég vestur hingað til að reyna að fá bót
á heilsu minni, sem hafði þess árangur,
að ég er heldur betri og vona að verði á-
framhald á því.

Helst er ég að hugsa um að hverfa
aftur til haka til kunnunga minna í
Argyle, enda þó að ég heyrtsagt að þeir
hafi fækkað síðan—"Ottirvinskapi-
urinn, þá af er kinnunni"—, með því
að það er örðudráttur hart að fá hér
heftislausarfarir, nema þá eitt og eitt
hingað og þangað, en ég hefði heldur
kosið að ná þar landi, en sem fleiri Íslen-
ingar geta tekið land. Í tilfelli af lin-
um þessum víðir á geta þess, að það er
í orði að opnað verði í vor toluvert stórt
landspáss (Roverse) fyrir heitiréttist,
eitt hald 150 milur, súðvestur héraðs, er
eftir sögu liggur báðumegin við landa-
mærin á Idaho og Washington og kvæ-
ð vera frá 30—50 milur frá járnbraut.
Ég hef talað við menn, sem hafa farið
í gegnum þetta land, og þessu öllum sam-
an um, að það sé eitthvert það ágæt-
asta land, og að menn geti yllidum
landið, hvort heldur er til akuryrkju eða
kvikfjárræktar. Þetta er dalar með
fjölum umhverfis og rennur á eftir
dalu og er þar negur skógur. Ég
hefi talað við mjög marga, sem ætla að
reyna að ná þar landi, þegar það verður
opnað, hvernar svo sem það verður.
Það er svo sem ekki neitt víst, að það
verði í vor; það er að eins tilgáta enn
sem komið er, því þó stjórnið hafi það
nú á þróunum, þá er óvíst hvernær
hún fellir af, því reynslan hefir sýnt, að
samkyrja mál hafa dagad uppi svo ár-
um skiftir. Opnist þetta land áður en
ég kem norður, þá líkast reyni ég til að
fara og skoða það; auðvitað er það
seint að skoða það eftir að það er ópn-
að, ef maður veltir sér að ná þar landi,
því óðar en svo lúð opnað, eru þau
uppteknir.—Ef einhverjir vildu leita sér
frekari upplýsinga um land þetta, sé
þurfa þeir erki annað en að skrifa agent
í St. Paul, sem hefir auglýst að hann
skuli senda allar nauðsynlegar upplýs-
ingar og landabréf ókeypis hverjum
sem óskar úr norðvesturríkinum.
Address hans: P. B. Groat, G. M. Imi-
gration Agent, St. Paul, Minn.

Það er annars merkelegt, að Ís-
lendingar skuli ekki hafa álfast ofan á
neitt landsvæði hér í þessum yndislegu
fjalladöllum. Ég er viss um að það
hefði átt betur við þá, heldur en slétt-
lendið og þó ekki slétt, þá tekið er, tilitt
til tóbaksfarsins. Síðan ég kom hér hefir
verið sú beztu tíð, sem ég hef lifað.
Það þarf ekki að segja þessu þetta land
eins og sagt var um Manitoba: "leikur
jafnan svalur andi um Manitoba-slétt-
urnar", því meiri partinn af tímanum
er lofn, og þá vindur er, er hann hægur.
Heita mátti að verið frostlaust nótt og
dag til 1. Desember, en síðan hefir fallið
litill snjó og er hægt frost og beztu
veður.

Hveitirækt er hér lítil, en hafra-
rækt meiri. Garð- og gripærækt er
mikið stundud; margir hafa keypt 5—
10 ekrum af landi í grend við bein og
geta fjölskyldumenn lifað á þeim göðu
lífi; þeir hafa flestir 1—3 kr., en þurfa
þó að kaupa heyr handa þeim, sem er
dýrt—frá \$7—10 tonnið, því alt-hver
verður að reikta, en samarhaga hefir
þeir nægann í fjallalöndu, sem er alt
ótelis land og verður aldrei tekið, því
menn hér eiga ekki á hettu að reikta
nokkuð án þess að geta hleypt vatni á,
enda eru alltaðar vatnsveitingakurð-
ir, sem flestir tilheyra sérstökum félag-
um, og þarf að borga þeim fyrir brúkun
vatnskurðanna.—Még sýnist, að þess
vinna hægt og rölega að þennan garð-
ræktarþóskap sinn og þess seigast
græða á honum, en ég hefði enn ekki
getað komið því í mitt höfuð. Ekki
eru þeir skuldugir svo miklu nemi, en
heldur bændur út um landið, en þeir
kvarta samt mjög yfir hördum tímum,
en ég sé þá ekki hér og held að þeir
viti ekki hvað harðir tímar eru. Ég
hefi leifið af og til 3 ensk blöð hér og
ekki sé eina einustu upplýsing um,
að eigi að selja pantsettur vörur eða
gripi né lönd. Fjárrækt er hér víða í
stórum stíl, og segja þeir að hún borgi
sig betur en nokkuð annað.—Kauþgjald
var hér í sumar \$2 á dag, en atvinnna
heldur lítil, eftir því sem vant er.—
Vinna við skógarhögg er hér eitt nægileg
vetur og sumar og góldin 90 cents
til \$1.25 á cord hvert; víður allar er hér
sagaður og klöfnn með fleigum, axir
einungis brúkaðar til að höggva af lim;
undirvörð sést hér ekki. Viðartegund-
ir eru mest, Pine, nokkuð af Tamarac,
en harðvörð enginn.